

Greinargerð fjárhagsáætlunar Fjórðungssambands Vestfirðinga árið 2026 og 3 ára áætlun 2027-2029.

Fjárhagsáætlun 2026

Tekjur.

Framlög ríkissjóðs, hér er tilgreint framlag til samnings um Sóknaráætlun Vestfjarða í samræmi við nýjan samning um Sóknaráætlun Vestfjarða 2025-2029.

Framlag Byggðaáætlunar, hér er matskennd fjárhæð, miðað við reynslu fyrri ára að verði framlag úr C1 verkefnasjóði.

Framlög Jöfnunarsjóðs. Framlag til þróunar sóknaráætlunar er áætlað óbreytt, 7 mkr. Almenn framlög á grundvelli reglugerðar er reiknað hér að hækki um 4 % á milli ára eða sem nemur 2 mkr

Framlög sveitarfélaga. Lagt til að framlög hækki um 4 % á milli ára á verkefnum; . atvinnuþróun, umhverfissvottun, hringrásarfulltrúi, markaðsmál og rekstur skrifstofu, samtals 1,5 mkr. Framlag til menningarmála standi í stað. Árstíllag nemi því 51,1 mkr en nam 49.6 mkr á árinu 2025.

Framlag til svæðisskipulags. Framlag sveitarfélaga lækki í samræmi við fjárhagsáætlun svæðisskipulags eða úr 10,5 í 5,5 mkr og framlag Skipulagssjóðs byggir á mati áætluð uppgjöri við sjóðsinns og er áætlað 10 mkr.

Millifærslur á milli deilda. 4,7 mkr færast til tekna á byggða og atvinnuþróun og nýsköpun, þar af 4 mkr vegna áhersluverkefnis sóknaráætlunar og 700 þkr frá rekstri skrifstofu til að mæta halla á deildinni, byggða-, atvinnuþróun og nýsköpun.

Vaxtatekjur. Áætlað að 1 mkr verði á vöxtum bankareiknings Sóknaráætlunar og 2 mkr af bankareikningum FV. Samtals 3 mkr.

Tekjur nemi alls 277 mkr.

Gjöld

Lífeyrisskuldbinding. áætluð hækkun lífeyrisframlags um 10 %.

Framlag til Vestfjarðastofu, hækki um 4 % í takti við hækkun á áætluðum framlögum frá sveitarfélögum 1,5 mkr og Jöfnunarsjóði 2 mkr, alls tæpar 3,6 mkr. En framlag standi í stað er varðar framlag til menningarmála 9,9 mkr, framlag til þróunar sóknaráætlunar 7 mkr og framlag til reksturs sóknaráætlunar 12 mkr..

Áhersluverkefni; framlög Sóknaráætlunar til áhersluverkefna fyrir árið 2026 eru bundin samþykkt stjórnar frá lok árs 2024 um áhersluverkefni fyrir árin 2025 og 2026. Alls nemi framlag 44,5 mkr að meðtöldu framlagi til áhersluverkefnis um svæðisskipulag 4 mkr .

Framlag til uppbyggingarsjóðs, nemur 65 mkr, til viðbótar kemur síðan fjárhæð sem nemur endurgreiddum eða niðurfelldum styrkjum og hefur ekki áhrif á fjárhagsáætlun 2026.

Aðkeypt sérfræðipjónusta vegna svæðisskipulags er áætlað 14,3 mkr í samræmi við fjárhagsáætlun verkefnisins 2023-2026

Svæðisskipulagsnefnd fundir og verkefnastjórn alls áætlað 5,9 mkr í samræmi við fjárhagsáætlun verkefnisins 2023-2026.

Varasjóður stjórnar, nemi 9,4 mkr.

Gjöld nemi alls 276 mkr

Rekstarniðurstaða, nemi um 1 mkr.

Greinargerð fyrir 3 ára fjárhagsáætlun Fjórðungssambands Vestfirðinga 2027-2029.

Tekjur,

Áætlað að samningsfjárhæð Sóknaaráætlunar standi óbreytt allt tímabilið, 120,5 mkr og einnig framlag til C1 aðgerðar, 25 mkr.

Framlög sveitarfélaga sem tilgreind eru í fjárhagsáætlun. Hér er lagt til að framlög hækki um 4 % á milli ára á verkefni; . atvinnuþróun, umhverfissvottun, hringrásarfulltrúi, markaðsmál og rekstur skrifstofu þ.e. öll þessi verkefni starfi út tímabilið. Framlag til menningar og þróunar sóknaaráætlunar standi í stað.

Framlög Jöfnunarsjóðs eru áætluð að hækki um 4 % á hverju ári á tímabilinu.

Nýtt verkefni. Miðað er við samþykkt svæðisskipulags Vestfjarða fyrrihluta árs 2026. Að afloknum sveitarstjórnarkosninum skipa sveitarstjórnir nýja nefnd. Til að tryggja að hún taki strax til starfa þá er hér áætlað framlag fyrir laun svæðisskipulagsnefndar og verkefnisstjórn. Miðað við að framlag skiptist eftir íbúatölu sveitarfélaga þann 1. janúar.

Vaxtatekjur, sóknaaráætlunar og FV nemi samanlagt 2 mkr.

Gjöld:

Áætlað er að framlög til Vestfjarðastofu hækki um 4 % fyrir hvert ár, eins og verkefni eru skilgreind í dag.

Framlag til áhersluverkefna nemi 44 mkr, uppbyggingarsjóðs 64,5 mkr, tæpar 12 mkr er í rekstur.

Skrifstofa FV verði með framlag vegna aðkeyptrar sérfræðivinnu 2,7 mkr

Svæðisskipulagsnefnd, útgjöld í takt við áætlað framlag eð 3,5 mkr

Varasjóður stjórnar nemi 9,4 mkr

Rekstarniðurstaða miðast við rekstarafgang um tæpa 1 mkr á hverju ári.